

REGLUR

um (3.) breytingu á reglum nr. 1185/2011 um fjárhagsaðstoð sveitarfélaga, í sérstökum tilvikum, við erlenda ríkisborgara, utan EES, sem ekki eiga lögheimili á Íslandi.

1. gr.

2. tl. 2. gr. verður svohljóðandi:

Á tímabili frá því dvalarleyfi af mannúðarástæðum eða dvalarleyfi flóttamanns hefur verið veitt þar til lögheimili hefur verið skráð og viðkomandi nýtur ekki lengur þjónustu á vegum Útlendingastofnunar sem veitt er af þjónustusveitarfélagi hælisleitenda.

2. gr.

2. mgr. fylgiskjals I, Viðmið um fjárhagsaðstoð, sbr. 3. gr. reglnanna, verður svohljóðandi:

Greiðslur til einstaklings sem nýtur ekki lengur þjónustu á vegum Útlendingastofnunar sem veitt er á vegum sveitarfélags samkvæmt 2. tl. 2. gr., miðast við reglur sveitarfélags um fjárhagsaðstoð. Fyrir aðra skulu eftirfarandi viðmið notuð eftir því sem við á hverju sinni.

3. gr.

3. mgr. fylgiskjals I, verður svohljóðandi:

Taflan miðast við greiðslur fyrir einn mánuð:

			1.	2.	3.	4.
			100%	35%	30%	15%
Einstaklingur	Grunnfjárhæð	x 1,0	147.409 kr.	51.593 kr.	44.223 kr.	22.111 kr.
Tveir í fjölskyldu	"	x 1,6	235.854 kr.	82.549 kr.	70.756 kr.	35.378 kr.
Þrír í fjölskyldu	"	x 1,8	265.336 kr.	92.868 kr.	79.601 kr.	39.800 kr.
Fjórir í fjölskyldu	"	x 2,0	294.818 kr.	103.186 kr.	88.445 kr.	44.223 kr.
Greiðsla á dag fyrir einstakling			4.914 kr.	1.720 kr.	1.474 kr.	737 kr.

4. gr.

Reglur þessar, sem settar eru með stoð í 1. mgr. 15. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga, nr. 40/1991, með síðari breytingum, gilda frá og með 1. janúar 2015.

Velferðarráðuneytinu, 22. desember 2014.

Eygló Harðardóttir
félags- og húsnæðismálaráðherra.

Bolli Þór Bollason.